

Fundargerð

241. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs

Þriðjudaginn 26. september 2017 kl. 12¹⁵ – 14⁰⁰.

Viðstödd: Guðmundur G. Þórarinnsson (GGÞ), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.
Bryndís Skúladóttir (BS) (fjarverandi) Guðlaugur Sverrisson (GS), fundarritari.
Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm (BGH) (fjarverandi)
Freyr Ævarsson (FÆ) vm (BGH)
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ) (fjarverandi) Gestur: Laufey Helga Guðmundsdóttir (LHG),
Dagbjört V. Birgisdóttir (DVB) (vm) (LÓ) lögfræðingur UAR
Guðfinnur Johnsen (GJ)
Hlíðar Þór Hreinsson (HÞH)
Lúðvík Gústafsson (LG) (fjarverandi)
Hrefna B. Jónsdóttir (HBJ) vm (LG)

Á fundinum var eftirfarandi lagt fram varðandi þá liði dagskrár sem getið er í sviga:

- (1) Fundargerð síðasta fundar
- (2) Fjölpóstur
- (3) Rekstur 2017
- (4) Endurvinnslumarkaðir í Evrópu
- (5) Önnur mál

1. Fundargerð

Lögð var fram fundargerð síðasta fundar (240. fundar).

Samþykkt

2. Fjölpóstur

Laufey Helga Guðmundsdóttir, lögfræðingur UAR, mætti á fundinn og ræddi við stjórn um beiðni ráðuneytisins um tillögu að úrvinnslugjaldi á fjölpóst.

LHG fór yfir stöðu mála er varðar umhverfisgjöld á fjölpóst.

ÓK fór yfir kynningu um fjölpóst frá síðasta fundi sem og viðbætur á milli funda, magnupplýsingar o.fl. Rætt var á fundinum um skilgreiningar á hvað væri fjölpóstur, sem ætti að leggja á úrvinnslugjald.

Stjórnarmenn ræddu að notkun á fjölpósti sem kynningarleið færi minnkandi, líkt og kom fram í kynningu ÓK.

Rætt var um hvort að hægt væri að taka eingöngu frípóst út og leggja á hann úrvinnslugjald.

Hvað á að gera við annan pappír er berst inn á og frá heimilum sbr. Dagblöð. LHG ítrekaði að

UAR óskaði eftir tillögum frá Úrvinnslusjóði um útfærslu á álagningu úrvinnslugjalds á fjölpósti ásamt meðhöndlun. LGH yfirlit fund kl. 13:20.

ÓK falið að vinna málið áfram.

3. Rekstur 2017

Á fundinum var lagt fram yfirlit yfir rekstur vöruflokka Úrvinnslusjóðs janúar – júlí 2017. ÓK fór yfir helstu niðurstöður.



4. Endurvinnslumarkaðir í Evrópu

ÓK fór yfir að Kínverjar hafa takmarkað enn frekar innflutning á plasti til endurvinnslu. Þetta á sérstaklega við um plast af lakari gæðum. Offramboð er því á plasti til endurvinnslu í Evrópu og verð á niðurleið. Það sama virðist vera að gerast á endurvinnslumörkuðum fyrir pappu og pappír. SWEREC í Svíþjóð sem hefur undanfarið tekið á móti og flokkað blandað plast frá Íslandi hefur stöðvað móttöku og mun ekki taka við meira af plasti á þessu ári.

5. Önnur mál

Engin.

Næsti fundur ákveðinn 24. október 2017.

Fundi slitið kl. 14.00

G. G. P.
Krafa B. Jónsdóttir
Hús Jóns
B. Jónsson